

Sp.

149. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Gerð fjárlaga- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 mótast af þeim viðhorfum, sem við blasa í efnahagsmálum þjóðarinnar. Eftir efnahagsbata síðustu tveggja ára eru nú blikur á lofti. Stórfelldar launahækkanir opinberra starfsmanna og annarra stétta þjóðfélagsins auka vandann fyrir atvinnuvegina og ríkisbúskapinn og eiga þátt í vaxandi hættu á nýrri verðbólguöldu. Við fjárlagagerðina er þess freistað að mæta þessu ástandi með niðurfærslu og aðhaldi í ríkisútgjöldum og samdrætti opinberra framkvæmda. Markmiðið er að hamla gegn verðbólgu og tryggja sem best kaupmátt þeirra launa, sem samið hefur verið um, enn fremur að tryggja greiðslujöfnuð hjá ríkissjóði á næsta ári, viðskiptajöfnuð við útlönd og koma í veg fyrir hækkun erlendra skulda.

Núverandi ríkisstjórn hefur átt við mikinn efnahagsvanda að etja frá upphafi stjórnarsamvinnunnar. Á árunum 1974 og 1975 versnuðu viðskiptakjörin stórkostlega gagnvart útlöndum, svo að kaupmáttur útflutningstekna rýrnaði um nær þriðjung. Nauðsynlegt var að gera viðtækar efnahagsráðstafanir til að tryggja afkomu útflutningsatvinnuveganna. Þá var og nauðsynlegt að draga úr ýmsum opinberum framkvæmdum jafnframt því sem erlendar lántökur voru auknar. Á árunum 1974 og 1975 varð halli bæði á viðskiptum við útlönd og rekstri ríkissjóðs, en á árinu 1976 náðist jöfnuður á rekstri ríkissjóðs og mjög dró úr viðskiptahallanum út á við, og svipuð þróun hefur orðið það sem af er þessu ári. Á árinu 1974 var verðbólgan um 54% og um mitt ár 1977 var hún komin niður í 26%. Árangur þessi er athyglisverður, einkum þegar haft er í huga, að framkvæmdir hafa átt sér stað þrátt fyrir allt og ríkisstjórninni hefur tekist að tryggja fulla atvinnu í landinu allt stjórnartímabilið. Á sama tíma er atvinnuleysi eitt mesta vandamál nágrannaþjóðanna.

Í kjölfar efnahagsörðugleikanna á árunum 1974 og 1975 sigldi veruleg rýrnun kaupmáttar dagvinnutekna launþega í landinu og annarra atvinnustétta, og var því augljóst, að sá efnahagsbati, sem varð á árinu 1976 og fyrri hluta þessa árs, hlyti að leiða til kaupmáttaraukningar launatekna við nýja kjarasamninga. Eins og öllum er kunnugt hafa þessir kjarasamningar nú farið fram og er það mat þjóðhagsstofnunar, að launataxtar hafi hækkað um 60% á árinu að meðaltali. Ef ekkert verður að gert hljóta þessar launahækkanir og aðrar áfangahækkanir að ýta undir verðbólguvöxt á næstu mánuðum, og er slík þróun áhyggjuefni.

Samkvæmt síðustu áætlunum er gert ráð fyrir, að útgjaldahlíð fjárlaga hækki um fulla 17 milljarða vegna kauphækkana 1. desember, nýrra kjarasamninga og áætlaðra 9.8% verðbótahækkana á næsta ári. Eru þessar hækkanir á laun, lífeyrisgreiðslur og sjúkratryggingar. Á móti kemur nokkur hækkun á tekjum ríkissjóðs vegna aukinnar veltu, þótt metin jafnist hvergi nærri. Stefnt er að því að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög og verða breytingartillögur meiri hluta fjárveitinganefndar við 3. umræðu við það miðaðar.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er í fyrsta sinn gert ráð fyrir kauphækkunum fram á mitt fjárlagaár, en áður hafa fjárlagatölur verið miðaðar við verðlag í desember næsta ár á undan. Þessi breyting veldur því, að minni munur verður á fjárlögum og ríkisreikningi og fjárlögin verða betra stjórnþæki til að hafa eftirlit með ríkisútgjöldum. Hefur eftirlit þetta verið hert mjög og ríkisbókhaldið stórbætt. Þessi bættu vinnubrögð og eftirlit með mannahaldi og greiðslum til ráðuneyta og stofnana hafa gert gerð fjárlaga og lánsfjáráætlunar traustari og um leið öruggara þæki til stjórnar efnahagsmála. Árangur þessara aðgerða kemur m. a. fram í hóflegri fjölgun ríkisstarfsmanna og lækkun opinberra útgjalda miðað við þjóðar-

framleiðslu. Þannig voru heildarútgjöld ríkisins 1974 og 1975 29.6—31.4% af þjóðarframleiðslu, en á þessu ári er þetta hlutfall áætlað 27.3%. Á árinu 1976 fjölgaði ríkisstafsmönnum um 0.76% á sama tíma og aukning á vinnumarkaðnum í heild varð 1.9%. Við fjárlagagerð fyrir 1978 er eins og á fjárlögum þessa árs gert ráð fyrir þekktum launabreytingum á árinu auk áætlaðrar verðbótabreytingar.

Fjárveitinganefnd hóf störf strax að loknu kjöri nefndarinnar í þingbyrjun. Hefur fjárlagafrumvarpið verið rætt á 39 fundum. Mikill tími hefur að venju farið í viðtöl við forstöðumenn ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga, svo og ýmsa aðra, sem átt hafa erindi við nefndina. Af þessum viðtölum er ljóst, að mikils aðhalds er gætt í útgjaldaáformum frumvarpsins og víða má finna rök fyrir þörf aukinna fjármuna til rekstrar og uppbyggingar. Meiri hluti fjárveitinganefndar leggur áherslu á, að mikil nauðsyn er, að Alþingi og ríkisstjórn fylgist náið með nokkun fjármuna í opinberum rekstri og framkvæmdum og finna þarf leiðir til aukinnar hagræðingar á hinum ýmsu sviðum.

Eins og fyrr hefur nefndin að nokkru skipt með sér verkum við athugun ýmissa málaflokka, einkum þeirra, sem lúta að mannvirkjagerð og menningarmálum. Nefndin hefur notið mikilvægrar og ágætrar aðstoðar starfsmanna fjárlaga- og hagsýslustofnunar, svo og forsvarsmanna hinna ýmsu ráðuneyta, sem hafa veitt nefndinni ýmsar mikilvægar upplýsingar.

Fjárveitinganefnd hafa borist fjölmörg erindi og umsóknir um fjárveitingar til hinna margvíslegustu framkvæmda og annarra þarfamála. Nefndin hefur kynnt sér þessi erindi eftir föngum og tekið tillit til margra þeirra, þótt fjölmörg nauðsynjamál verði að biða betri tíma. Nefndinni er að sjálfsögðu ljóst, að orðið hefur að synja fjárbeiðnum til málefna sem vissulega verðskulda stuðning ríkisvaldsins og hljóta að koma til jákvæðrar afgreiðslu þótt síðar verði. Á sama hátt er einnig ljóst, að víða þarf endurskoðunar og breytinga við í ríkisrekstrinum, sem leit gætu til sparnaðar og minni útgjalda.

Nefndinni hefur enn ekki unnist tími til að ljúka afgreiðslu allmargra þátta fjárlagafrumvarpsins. Má þar t. d. nefna framlög til dagvistunarstofnana, menntaskóla, vegagerðar, heilbrigðisþjónustu, orkumála, dómgæslu o. fl., enda tengjast sum þessi mál gerð lánsfjáráætlunar, sem enn hefur ekki verið afgreidd. Þá eru ýmsir smærri liðir, sem ekki hefur verið tekin endanleg afstaða til, og biður afgreiðsla þessara mála 3. umræðu.

Ekki náðist í nefndinni samkomulag um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins og mun minni hlutinn því skila séráliti. Nefndin stendur sameiginlega að flutningi breytingartillagna á þingskjali 148. Minni hlutinn er þó andvígur þeirri tillögu að verja söluverði flugskýlis í Reykjavík til að hefja byggingu flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli, og að öðru leyti áskilur minni hlutinn sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma.

Fulltrúar frá þjóðhagsstofnun mættu á síðasta fundi nefndarinnar og veittu ýmsar upplýsingar um þróun efnahagsmála á yfirstandandi ári og horfur á næsta ári.

Nefndin gerir þessar tillögur um breytingar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins:

Forsætisráðuneytið 01.

- 101 Gjöf Jóns Sigurðssonar: Hækki um 1 315 þús. kr. og verður 3 115 þús. kr., eða sem nemur launum prófessors.
- 901 Húsameistari ríkisins: Lækki um 5 500 þús. kr. vegna hækkunar á þjónustugjaldskrá stofnunarinnar.
- 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum: Hækki um 500 þús. kr. vegna líffræðirannsóknna í Þingvallavatni.

Menntamálaráðuneytið 02.

- 351 Fjölbrautaskóli í Breiðholti: Liðurinn hækki um 236 000 þús. kr. sem tekna eru af liðnum. Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, 02 792.
- 352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli: Liðurinn hækki um 13 000 þús. kr., en það fé er flutt af lið 02 792.
- 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Liðurinn hækki um 30 000 þús. kr. vegna viðbótarbyggingar, en liðurinn 02 792 er lækkaður að sama skapi.
- 563 Til tónlistarstarfsemi: Liðurinn falli út hér, en færast yfir á liðinn 01 982 Listir, framlög. — Tónlistarskóli Seyðisfjarðar: Nýr liður að upphæð 500 þús. kr.
- 610 Héraðsskólar, almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. vegna endurbóta á skólahúsnæði að Núpi.
- 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Gjaldfærður stofnkostnaður lækki um 279 000 þús. kr., sem skýrist af því að fé af þessum lið er ráðstafað til fjölbrautaskóla.
- 797 Stofnanir afbrigðilegra barna: Liðurinn hækki um samtals 10 000 þús. kr., sem skýrist af því, að samþykkt er fjárveiting til heimilisins að Staðarfelli, sem skiptist á eftirfarandi hátt: Laun 5 000 þús. kr., önnur rekstrargjöld 3 000 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður 1 000 þús. kr. Auk þess hækkar gjaldfærður stofnkostnaður Sólborgar á Akureyri um 1 000 þús. kr.
- 802 Vernd barna og ungmenna: Liðurinn Náms- og hælsvíst unglinga hækki um 200 þús. kr. Liðurinn Til sumardvalarheimila hækki um 500 þús. kr.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Félagsstofnun stúdenta. Liðurinn hækki um 5 000 þús. kr., sem varið skal til lagfæringa á Stúdentagörðunum.
- 975 Vísindasjóður: Liðurinn hækki um 3 000 þús. kr. og verði 8 000 þús. kr.
- 982 Listir, framlög: Liðurinn hækki samtals um 27 249 þús. kr., sem stafar af eftirfarandi: Framlög til rithöfunda hækki um 6 216 þús. kr. — Framlög til tónlistar hækki um 3 050 þús. kr., þar af tilflutningur af liðnum 02 563 2 000 þús. kr. Af þessum lið er framlag til lúðrasveita 1 250 þús. kr. — Framlög til myndlistar hækki um 2 900 þús. kr. Liðurinn skiptist á eftirfarandi hátt: Til listasafna 3 500 þús. kr., til myndlistarsýninga 500 þús. kr. og til listiðnaðarmála 400 þús. kr. — Framlag til kvikmyndagerðar hækki um 500 þús. kr. og verði 1 000 þús. kr. — Heiðurslaun listamanna hækki um 3 000 þús. kr. og listamannaalaun um 10 000 þús. kr. í samræmi við almennar launabreytinga. — Að lokum hækki liðurinn Önnur framlög um 1 583 þús. kr. og verður því 14 080 þús. kr., sem skiptist á eftirfarandi hátt: Til listkynningar 1 000 þús. kr., Bandalag íslenskra listamanna 250 þús. kr., Starfslaun listamanna 6 530 þús. kr., Til lista og menningarmála almennt 6 300 þús. kr., en undir síðastnefnda liðnum er gert ráð fyrir framlagi til Listahátíðar í Reykjavík og listkynningar í skólum:
- 984 Norræna félagið: Styrkur til félagsins hækki um 300 þús. kr.
- 986 Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 5 300 þús. kr. og verði 19 000 þús. kr., sem einkum skal varið til kennslustyrkja.
- 988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki um 9 430 þús. kr., sem skýrist af eftirfarandi: Æskulýðsráð ríkisins hækki um 580 þús. kr., U.M.F.Í. hækki um 6 000 þús. kr. Bandalag íslenskra skáta hækki um 1 760 þús. kr., Starfsemi að Úlfljótsvatni hækki um 280 þús. kr., Bandalag íslenskra farfugla hækki um 80 þús. kr., íslenskir ungtemplarar hækki um 150 þús. kr., Starfsstyrkir K.F.U.M. og K.F.U.K. hækki um 200 þús. kr., Starfsemi K.F.U.K. í Vindáshlíð hækki um 380 þús. kr.
- 989 Ýmis íþróttamál: Liðurinn hækki um 19 618 þús. kr., sem sundurliðast sem hér segir: Íþróttasamband Íslands hækki um 17 268 þús. kr., Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum hækki um 500 þús. kr. vegna kaupa á snjóbil, Sumarnám-skeið í Heiðarskóla hækki um 300 þús. kr. og Styrkur til íþróttamála fatlaðra

hækki í 3 000 þús. kr., þar af eru ætlaðar Til íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík 500 þús. kr. — Niður falla sérstakir styrkir til Frjálsíþróttasambands Íslands, Knattspyrnusambands Íslands svo og til útgáfu handbóka um skólaíþróttir.

Utanríkisráðuneytið 03.

399 Samskipti við Vestur-Íslendinga: Framlag hækkar um 2 000 þús. kr.

Landbúnaðarráðuneytið 04.

- 205 Veidistjóri: Upp verði tekið framlag til rannsókna á atferli íslenska refsins 500 þús. kr.
- 241 Landnám ríkisins: Lagt er til að liðurinn Til grænifóðurverksmiðja hækki um 6 348 þús. kr. vegna vélakaupa fyrir verksmiðjuna í Flatey á Mýrum, A.-Skaft. Liður 0115 hækki um 3 750 þús. kr., verði 7 000 þús. kr., og kallist viðfangsefnið Inn-Djúpsáætlun. Er hér um að ræða lokagreiðslu til þeirrar áætlunar.
- 247 Embætti yfirdýralæknis: Liðurinn Bygging dýralæknabústaða hækki um 4 800 þús. kr. og verður greint frá skiptingu þess í framsöguræðu.
- 286 Landbúnaður, framlög: Liðurinn Landþurrkun hækki um 200 þús. kr. og birtist sundurliðun þess fjár á sérstöku yfirliti.
- 299 Liðurinn Til Landssambands hestamannafélaga hækki um 50 þús. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 06.

- 253 Almannaþingir: Önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 1 000 þús. kr. vegna uppsetningar viðvörunarkerfa við Mývatn og Kötlu.
- 301 Liðurinn Til Kirkjukórasambands Íslands hækki um 150 þús. kr.

Félagsmálaráðuneytið 07.

- 981 Vinnumál: Liðurinn hækki um 1 000 þús. kr. og verði 5 000 þús. kr., texti breytist og verði nú: Hagdeild Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga.
- 999 Ýmis framlög: Liðurinn hækki um 4 325 þús. kr., verði 135 180 þús. kr. og skiptist þannig: Neytendasamtökin hækki um 250 þús. kr. og verði 1 000 þús. kr. — Til sjómannastofa hækki um 500 þús. kr. og verði 2 500 þús. kr. — Öryrkjabandalagið hækki um 500 þús. kr. og verði 1 500 þús. kr. — Niður falla liðirnir Styrktarfélag vangefinna, Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi og Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi. Samtals lækkun 225 þús. kr. Í stað þessa kemur nýr liður: Landssamtökin Þroskahjálp 1 000 þús. kr. — Niður fellur liður 0101 Aðstoð við blinda 1 200 þús. kr., en liður 0127 Blindrafélagið hækkar um 1 800 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr., sem skiptist þannig: byggingarstyrkur 1 200 þús. kr., félagsráðgjöf 1 000 þús. kr. og starfsstyrkur 300 þús. kr. — Nýr liður kemur inn: Blindravinafélagið 500 þús. kr., en þetta viðfangsefni var áður hjá menntamálaráðuneytinu, og einnig framlag til talbókagerðar fyrir blinda og sjónskerta 1 200 þús. kr.

Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið 08.

- 399 Ýmis heilbrigðismál: Lagt er til að liðurinn Sjúkraflug hækki um 1 700 þús. kr. og verði þá 7 500 þús. kr. — Nýr liður: Grensásdeild Borgarspítalans, sundlaug. Lagt er til að 3 000 þús. kr. verði varið til frumhönnunar. — Nýr liður: Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar. Lagt er til að veittar verði 2 000 þús. kr. til rannsókna, úrvinnslu gagna og útgáfu bókar um meðferð bruna-sára.

Samgönguráðuneytið 10.

- 211 Vegagerð: Liðurinn hækki um 1 000 þús. kr. vegna vetrarsamgangna.
333 Ferjubryggjur: Framlag hækki um 7 000 þús. kr. — Sjóvarnargarðar: Fram-lag hækki um 1 300 þús. kr.
342 Sjóslýsanefnd: Nýr liður: Gjaldfærður stofnkostnaður 1 000 þús. kr. vegna kaupa á gúmbjörgunarbatum.

Iðnaðarráðuneytið 11.

- 299 Iðja og iðnaður, framlög. Liður 0108 orðist svo: Til athugana á orkufrekum iðnaði. — Liður 0115 Ullar- og skinnaverkefni hækki um 3 000 þús. kr.

Alþingi, 10. des. 1977.

Steinþór Gestsson,
form., frsm.

Lárus Jónsson.

Þórarinn Sigurjónsson,
fundaskr.

Pálmi Jónsson.
Gunnlaugur Finnsson.

Ingi Tryggvason.

Ellert B. Schram.